



Ellíði Vignsson bæjarstjóri og Þorvaldur Garðarson eigandi Hrímgrundar. Mynd: Sveitarfélagið Ölfus.

Framkvæmdir að hefjast við nýjan þjónustukjarna á Níunni

Síðastliðinn föstudag skrifuðu Sveir Elliði Vignsson bæjarstjóri og Þorvaldur Garðarson eigandi Hrímgrundar undir Verksamning um byggingu þjónustukjarna Öldrunarheimilis við Egilsbraut 9 í Þorlákshöfn.

Um er að ræða tæplega 150 m² stækkun á núverandi húsnæði, ætlað til að bæta verulega þjónustu dagvagnar. Með tilkomu hinnar nýju dagdeildar verður bæði hægt að fjölga verulega þjónustuþegum og efla þjónustu. Samhliða fram-

kvæmdinni verður ráðist í endurgerð dagstofu, tómsundarýmris og fl.

Samningurinn við Hrímgrund hljóðar upp á rúmlega 170 milljónir og mun verkið hefjast á næstu dögum. Verklök eru áætluð 1. ágúst á næsta ári.

Vel heppnuð Töðugjöld

Margt var um manninn á Töðugjöldum á Hellu um liðna helgi. Boðið var upp á afþreyingu fyrir alla fjölskylduna að vanda og tókst vel til. „Töðugjöldin hafa verið haldin frá árinu 1994 og stimpla sig þar með inn sem ein elsta og virðulegasta bæjarhátíð sem haldin er á landinu. Brottfluttur Rang-

æingar flykkjast heim aftur til að taka þátt í fjölbreyttri dagskrá með heimafólki og hitta gamla félagi og vini. Ein aðalástæðan fyrir Töðugjöldunum í Rangárþingi ytra er að sem flestir taki þátt með sínum hætti og á sínum eigin forsendum,“ segir Eggert Valur Guðmundsson, oddviti Rangárþings ytra.



Myndasýrpu má finna á bls. 7. Mynd: Ólafur Ingi Ólafsson.

Blómleg helgi að baki í Hveragerði

Blómstrandi dagar í Hveragerði fóru vel fram um síðustu helgi. Fjöldi fólks lagði leið sína til Hveragerðis á þessa skemmtilegu hátíð en boðið var upp á fjöldan allan af skemmtilegum viðburðum fyrir alla fjölskylduna frá fimmtudegi til sunnudags.

Myndasýrpu frá hátíðinni má finna á bls. 11.



Römpum upp Þorlákshöfn

Sveitarfélagið Ölfus vinnur Snú með Römpum upp Ísland að því að koma upp 5 til 8 nýjum römpum í Þorlákshöfn. Eins og þekkt er gerir Römpum upp Ísland rampa, viðkomandi að kostnaðarlausu en sinnir eingöngu aðgengi að verslunum, veitingastöðum og annarri þjónustu í eigu einkaaðila. Samstarf Sveitarfélagsins Ölfus og Römpum upp Íslands gerir ráð fyrir að settir verið upp 5 til 8 rampar í Þorlákshöfn og er í því samhengi óskað eftir ábendingum það hvar úrbóta er helst þörf.



Mynd: freepik.com

Sveitarfélagið Ölfus ætlar að byrja á römpum:

- þar sem mannfjöldinn er mestur (í miðbæ - á aðal-götunni ...)
- þar sem hæð að hurðargati er 15 cm eða minna
- þar sem hurðarop er 83 cm eða meira
- þar sem gangstétt er nægjanlega breið til að rúma ramp og gönguleið. (Miðað við ofantalin hæðarmörk má hallinn ekki vera meira en 1:12 sem segir að t.d. 10 cm hæð við hurðargat kall- ar á ramp, 1,20 cm á lengd)

Ramparnir eru með þeim hætti að 15 cm hækkun er í formi bingu sem er aflíðandi frá hurð í halla 1:12 RÚÍ mun teikna allar aðgengisbreytingar og leggja þær fyrir sveitarfélagið sem eftir atvikum fær samþykki einkaaðila (þar sem þeir eiga lóðina). Ekki er reiknað með rekstrarstöðvun á meðan á framkvæmd stendur. Sem fyrr segir er nú leitað eftir ábendingum bæjarbúa um hvar rampa sé helst þörf. Þá er einnig leitað að samstarfi við verslunareigendur og þjónustuveitendur sem hafa áhuga á að bæta aðgengi með römpum.

Áhugasömum er bent á að hafa samband við Davíð Halldórsson, umhverfisstjóra, með tölvupósti á david@olfus.is

Fáðu fagmann í verkið



PÍPULAGNIR
SUÐURLANDS

Háheiði 10, Selfossi
S. 699 1985 / 823 6656

Toyota
Selfossi

FRAMÚRSKARANDI ÞJÓNUSTA

VIÐ TOYOTA EIGENDUR Á SUÐURLANDI



TOYOTA SELFOSSI
Fossnesi 14, Selfossi,
Sími: 480 8000, toyotaselfossi.is

Viltu vekja athygli á Suðurlandi?

Sími 482 1944 - Eyravegur 25, 800 Selfoss
www.dfs.is - auglysingar@dfs.is



Sendibílar á Suðurlandi



Tek að mér alla almenna flutningsþjónstu

Heimsendingar - Vörudreifing - Búslóðaflutningar - Ruslaferðir
Traust og fagleg þjónusta með yfir 20 ára reynslu.

Tómas 820 3880 - keyrsla@keyrsla.is - www.keyrsla.is - f /keyrsla.is



Umhverfis- og tæknisvið Uppsveita

Umhverfis- og tæknisvið Uppsveita bs.

Ritari óskast

Laust er til umsóknar starf ritara hjá Umhverfis- og tæknisviði Uppsveita bs. Um framtíðarstarf er að ræða í 100% starfshlutfalli.

Starfs- og ábyrgðarsvið:

- Móttaka gagna og skjalaumsjón
- Ráðgjöf og upplýsingagjöf við umsækjendur í síma og tölvupósti
- Samskipti og bréfaskrif við opinberar stofnanir
- Reikningagerð
- Önnur tilfallandi störf í samráði við yfirmann

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Menntun sem nýtist í starfi
- Rík þjónustulund
- Lípurð og færni í mannlegum samskiptum
- Góð íslenskukunnátta og hæfni til að tjá sig skipulega í ræðu og riti
- Góð tölvukunnátta í öllum helstu forritum s.s. Outlook, Word og Excel
- Þekking á skipulagsmálum sveitarfélaga er kostur
- Þekking á ONESystem umsýsnarkerfinu er kostur

Nánari upplýsingar um starfið gefur Jóhannes Hr. Símonarson, framkvæmdastjóri í síma 480 5550 eða á netfanginu johannes@utu.is. Umsókn ásamt kynningarbréfi og starfsferilsskrá skal jafnframt senda á þetta sama netfang. Umsóknarrestur er til og með mánudeginum 22. ágúst nk.

Umhverfis- og tæknisvið Uppsveita (UTU) er sameiginleg skrifstofa skipulags- og byggingarfulltrúa fimm sveitarfélaga í Árnessýslu og Ásahrepps í Rangárvallasýslu. Hjá embættinu starfa tíu manns. Skrifstofa embættisins er á Laugarvatni. Mörg sumarhús eru á starfssvæði embættisins og einkennir það starfsemi UTU bs. umfram önnur skipulags- og byggingarfulltrúaembætti á landinu. Heimasíða embættisins er www.utu.is

Allir litir regnbogans



Ráðhúströppurnar á Selfossi í regnbogalitunum. Mynd: Dagskráin/HGL

Dagbjört Harðardóttir, forstöðukona frístundahúsa Árborgar er ötul talskona hinseginleikans en þau í Pakkhúsinu fengu hugmyndina að fallegu regnbogatröppunum sem prýða nú Ráðhús Árborgar.

Meðal frístundahúsa Árborgar er Pakkhúsið sem er ungmennahús fyrir 16-25 ára en í Pakkhúsinu er boðið upp á hinsegin hittinga á veturna sem fóru af stað síðasta haust og hefja göngu sína aftur á næstunni. „Hugmyndin að regnbogatröppunum kviknaði vegna öldu hatursorðræðu og leiðindaatvika sem hafa átt sér stað í samfélaginu á undanförunum misserum og við vitum að sýnileiki er sterkasta vopnið gegn hatri, fáfræði og fordómum. Okkur datt í hug að mála tröppurnar í regnbogalitunum til að sýna samstöðu. Ráðhúsið er í alfaraleið hérna á Selfossi og við viljum sýna að við séum sveitarfélag sem vill styðja við bakið á hinsegin samfélaginu, viljum að þau viti að við stöndum með þeim og séum að hugsa um þau. Ég hafði samband við Fjölu bæjarstjóra og fyrirspurnin fór fyrir bæjarráð sem samþykkti þetta einróma. Síðan tók 17+ hópurnin í vinnuskólanum ásamt flokkstjórum það að sér að mála tröppurnar.

Hinsegin dagar í Árborg eru komnir til að vera

Dagbjört er meðlimur í forvarnarteymi Árborgar en í janúar á

þessu ári stóðu þau fyrir fyrstu Hinsegin dögum í Árborg. „Við fengum allt sveitarfélagið í lið með okkur, leikskólar, skólar og fjölmargar stofnanir sveitarfélagsins ásamt fyrirtækjum í sveitarfélaginu tóku þátt. Við flögguðum regnbogafánunum út um allt, það voru fræðslur í skólum og við fundum fyrir virkilega mikilli samstöðu, þetta var ótrúlega skemmtilegt. Þessari fyrstu hinsegin viku var hrint svolítið geyst af stað með litlum fyrirvara, við bara ákváðum þetta og fengum þessar frábæru undirtektir svo boltinn rúllaði mjög hratt. Núna höfum við árið til að undirbúa þá næstu svo ég held að hinsegin dagar í Árborg eigi bara eftir að vaxa og verða flottari þegar fram líða stundir,“ segir Dagbjört. En stefnt er á að fagna hinsegin dögum í Árborg næst vikuna 15.-21. janúar 2023.

Mæta mótlæti með ást og regnbogum

Forvarnarteymið fær reglulega áminningar um mikilvægi þess að fagna fjölbreytileikanum.

„Hinsegin vikan gekk í heildina rosalega vel en það voru engu að síður unnin skemmdarverk á hlutum tengdum hinsegin vikunni og við heyrðum háværar mótmælarraddir sem sýna bersýnilega hvað það er rosalega mikil þörf fyrir þetta, mótlætið styrkti okkur bara þeim mun meira í að gera betur næst

og minnti okkur á hvers vegna við þurfum að gera þetta.

Í minni vinnu, bæði með félagsmiðstöð og ungmennahús þurfum við að vera til staðar fyrir öll, til dæmis eru þar krakkar sem eru kannski að stíga sín fyrstu skref inn í hinsegin samfélagið og ég veit ekki betur en að það hafi ekkert hinsegin starf verið á Suðurlandi fyrr en við byrjuðum með hinsegin hittingana hjá okkur í ungmennahúsinu síðastliðið haust. Það er því stórt tækifæri fyrir sveitarfélagið að halda áfram að gera betur.

Vildi að öllum þætti hinsegin eðlilegt

Á sama tíma og við tölum um hvað hinsegin vikan er nauðsynleg þá vildum við auðvitað að hennar þyrfti ekki með, að hinseginleikinn þætti jafn eðlilegur og aðrir partar lífsins sem öll telja eðlilega og hafa alltaf gert. Við vildum að fólk þyrfti ekki að verða fyrir aðkasti, hatursorðræðu eða jafnvel hafa áhyggjur af því að verða skotið úti á götu einungis vegna þess að það elskar einhvern annan en þykir „eðlilegt“, hver ákveður hvað er eðlilegt? Þetta er blákaldrun raunveruleiki svo margra sem tilheyra hinsegin samfélaginu víðsvegar um heiminn. Á mörgum stöðum er það mun verra en á Íslandi. Til að setja það í agnarlítið samhengi fyrir þau sem gera sér ekki grein fyrir umfangi hatursins sem fær að grassera í heiminum, þá var teiknimyndin Bósi Ljósár bönnuð í 14 löndum og í Bandaríkjunum hefur fólk tekið upp á því að vara gesti kvikmyndahúsa við vegna þess að í myndinni er stutt klippa þar sem hjón sjást kyssast. Það vill nefnilega svo til að þessi hjón eru tvær konur. Hinsegin barátta á ekki bara að vera barátta hinsegin samfélagsins, þetta á að vera barátta alls samfélagsins, við þurfum öll að standa saman. Ef við viljum búa í samfélagi þar sem öll eru velkomin þá þurfum við öll að taka þátt,“ segir Dagbjört að endingu.

Fjölmennasti nýnemahópur FSu frá upphafi

Þessi vika markar upphaf nýs skólaárs hjá starfsfólki og nemendum Fjölbrotaskóla Suðurlands en kennsla hófst samkvæmt stundaskrá klukkan 8:15 á fimmtudaginn.

Nemendur í dagskóla á þessari haustönn er 941 þar af eru nýnemar 269 talsins og hafa aldrei verið fleiri. Nemndur á Reykjum í Ölfusi eru 148 og í kvöldskóla FSu stunda 24 nemendur nám að þessu sinni. Það ríkir alltaf spenna og eftirvænting í upphafi hvers skólaárs og að sögn Sigursveins Sigurðssonar aðstoðarskólameistara er allt að smella saman í undirbúningi skólafarsins.



Fjölbrotaskóli Suðurlands. Mynd: Dagskráin/HGL

Stafræn umbylting hjá UTU bs.

Umhverfis- og tæknisvið Uppsveita (UTU bs.) er byggðasamlag í eigu sex sveitarfélaga, þ.e. Ásahrepps í Rangárvallasýslu og Flóahrepps, Grímsnes- og Grafningshrepps, Bláskógabyggðar, Hrunamannahrepps og Skeiða- og Gnúpverjahrepps í Árnessýslu. Embættið hefur skrifstofu sína á Laugarvatni og hefur með höndum skipulags- og byggingarmál fyrir íbúa og aðra land- og fasteignaeigendur í þessum aðildarsveitarfélögum. Á starfssvæðinu má m.a. finna stærstu frístundabyggðir landsins í Grímsnesi og í Bláskógabyggð og innan svæðisins eru í heildina um 6.000 frístundahús sem eru um 42% af öllum frístundahúsum landsins. Eðli málsins samkvæmt er starfssvæði embættisins víðfemt og fjöldi fasteignaeigenda á starfssvæðinu býr utan aðildarsveitarfélaganna. Stjórn og forvarsmenn embættisins hafa því lagt á það áherslu undanfarin misseri að bæta stafrænar lausnir til hagsbóta fyrir umsækjendur, byggingarverkataka og starfsmenn embættisins.

Þjónustugátt UTU

Í þessum tilgangi var fyrsta skrefið stigið haustið 2019 þegar sérstök þjónustugátt var tekin upp á vef embættisins, www.utu.is en í gegnum hana má nú sækja um alla þá þjónustu sem

embættið veitir, s.s. umsóknir um skipulagsbreytingar, lóðastofnanir, framkvæmdaleyfi, stöðuleyfi og byggingarleyfi eða byggingarheimild eftir atvikum. Þá geta hönnuðir sent öll gögn sem þarf vegna umsóknanna inn í gegnum þjónustugáttina og byggingastjórnir og iðnmeistarar staðfest sig á tileikin verkefni í gegnum þessa þjónustugátt.

Rafrænar undirritanir á teikningum

Í byrjun árs 2022 var byggingarfulltrúa gert mögulegt að undirrita allar teikningar með rafrænum hætti í gegnum veflausn Taktikal. Byggingarfulltrúi getur nú tekið á móti öllum aðal- og séruppráttum á pdf. formi og þegar hann er sáttur við framlagðar teikningar eru þær rafrænt undirritaðar af hönnuði og hönnunarstjóra og því næst innsiglaðar af byggingarfulltrúa sem staðfestir að um sé að ræða samþykkt eintak sem framkvæmt skuli eftir. Þetta skref eitt og sér sparar umtalsvert magn af pappír og allar bílferðir umsækjenda á skrifstofu embættisins til þess eins að skila af sér útprentuðum teikningum. Áætluð tölfræði þessa fyrstu 7 mánuði ársins gerir ráð fyrir að þetta framfaraskref eitt og sér hafi samtals sparað viðskiptavinum embættisins akstur sem nemur um 24.000 kílómetrum

og minnkað kolefnisspor þar með um ríflega 3,0 tonn.

Birting afgreiðslubréfa á stafrænu pósthólfi á island.is

Um miðjan maí 2022 tók UTU bs. að birta öll afgreiðslubréf embættisins sem og grenndarkynningargögn á stafrænu pósthólfi einstaklinga og lögaðila. Stafrænt pósthólf er nýlegt fyrirbæri opinberra aðila, þ.e. ríkis og sveitarfélaga og allra stofnana á þeirra vegum, til að birta slík bréf og tilkynningar sem

ingum Íslands og Skattinum svo dæmi séu tekin og stöðugt bættast fleiri opinberir aðilar við. Birting í stafrænu pósthólfi er bylting í samskiptum opinberra aðila við borgarana. Sparnaður í pósthjónustu er augljós en þægindin felast ekki síst í því að í pósthólfinu verða þessi skjöl alltaf til staðar og aðgengileg til framtíðar ef á þarf að halda. Nú í sumar hefur embættið birt afgreiðslubréf og grenndarkynningargögn í stafræna pósthólfinu til viðbótar við útsend bréf á

að stilla pósthólfið þannig að það sendi hnipp á eiganda pósthólfsins með SMS eða tölvupósti þegar nýtt skjal kemur inn á pósthólfið. Samkvæmt lögnum teljast gögn formlega birt þegar þau eru aðgengileg í pósthólfi viðtakanda og því á ábyrgð hvers og eins að fylgjast með sínu pósthólfi.

Framtíðin

Embættið hyggst halda áfram á þessari stafrænu vegferð. Vonir standa til að skipulagsfulltrúi geti tekið upp rafrænar undirritanir skipulagsuppráttanna sem fyrst líkt og byggingarfulltrúi getur nú. Jafnframt verður UTU bs. aðili að tilraunaverkefni KPMG nú í haust sem snýst um að nýta gervigreind og loftmyndir við kortlagningu á fermetrastærð fasteigna. Lausnir skapar tækifæri til að bæta skráningar og einfalda verklag, ásamt því að veita embættinu mun betri yfirsýn yfir óskráðar eignir sem og frávik frá fyrri skráningu.

Starfssvæði UTU bs. er víðfemt og þar er mikill fjöldi fasteigna í öllum flokkum og því mikilvægt fyrir embættið að nýta sér alla þá tækni sem möguleg er til að halda utan um skráningu fasteigna.

Jóhannes Hr. Símonarson,
framkvæmdastjóri UTU bs.



beint er sérstaklega til ákveðins eða ákveðinna aðila. Allir einstaklingar og lögaðilar með íslenska kennitölu eiga þannig sitt eigið stafræna pósthólf og samkvæmt innleiðingaráætlun stjórnvalda skulu allir opinberir aðilar hafa tekið upp birtingar á stafrænu pósthólfi fyrir árið 2025. Nú þegar má í pósthólfinu t.d. sjá upplýsingar um fasteignagjöld og bifreiðagjöld sem og gögn frá Sjúkratrygg-

pappírformi sem send eru á lögheimili viðkomandi en frá og með 1. september n.k. er ætlunin að birta slíkar upplýsingar eingöngu í pósthólfinu skv. lögum 105/2021 um stafrænt pósthólf í miðlægri þjónustugátt stjórnvalda. Af því tilefni viljum við hvetja alla til að ná sér í island.is appið í símann sinn sem er ótrúlega þægileg leið fyrir hvern og einn til að hafa aðgang að pósthólfinu sínu. Jafnframt er hægt

DANSAKADEMÍAN

Haustönn hefst 5.september



NÁMSKEIÐ

Barnadans
3-5 ára

Jazzballett
6-8 ára
9-12 ára
13-15 ára
16 ára og eldri

Skoppa og skríttla
Danspartí helgina
27.-28. ágúst
fyrir 3-6 ára

SÝNINGAR

Söngleikjasprengjan
Sýning í samstarfi við
Tónsmíðjuna sem sýnd
verður í nóvember '22.
Inntökuprufur verða
fyrir nemendur 11 ára og
eldri.

Dance world cup
Inntökuprufur verða
fyrir keppnislið
Dansakademíunnar fyrir
Dance World Cup

FÉLAGSLÍF

Hrekkjavökuvika
23.-31. október

Opið hús
fyrir aðstandendur í lok
annar

Bíóferð
10. desember þar sem
þema nemendasýningar
2023 verður kynnt

Gistinótt og
nemendasýningar
verða á vorönn 2023

ÖLL BÖRN OG UNGMENNI VELKOMIN
DÖNSUM SAMAN Í VETUR

| www.dansakademian.is | dansakademian@dansakademian.is |

Báran, stéttarfélag fordæmir allar tegundir ofbeldis og tilburði til eineltis

Í fyrsta sinn í meira en 100 ára sögu Alþýðusambands Íslands hefur kona gegnt starfi forseta sem er merkur og stór áfangi. Drífa Snædal hefur staðið sig með sóma í öllum þeim verkefnum og áskorunum sem verkalyðshreyfingin hefur staðið frammi fyrir. Hún stóð vörð um kjarasamninga og lífeyrisréttindi launafólks á tímum heimsfaraldar. Drífa hefur verið í forsvari gegn undirboðum á vinnumarkaði og sýnt mikinn kjark í að verja mannréttindi og kjarasamninga launamanna.

Það er búið að vera vægast sagt ömurlegt að fylgjast með þeim forystumönnum sem komu fram í fjölmiðlum og fögnuðu þessum sorgardegi með ósmekkleghum athugasemdum á hennar störf sem á sér enga stoð. Fram kom hjá Drífu að ástæða afsagnar hafi verið aðallega rætnar persónuárásir og einræðistilburðir sem hafa reynt verulega á hana í starfi. Hún hefur lagt mjög mikla orku í að miðla málum til að fanga sem flest sjónarmið. Forsetinn mótmælti í vor uppsögnum starfsfólks Eflingar þar sem vegið var að grunnildum verkalyðshreyfingarinnar. Ekkert heyrðist frá formanni VR stærsta félagsins innan ASÍ né núverandi formanni Starfsgreinasambands

Íslands. Nú hafa verið undirbyggjandi hótanir um frekari hreinsanir starfsmanna verkalyðshreyfingarinnar. Þessi svokallaði armur hefur í gegnum tíðina gagnrýnt svokallað bákn verkalyðshreyfingarinnar sem að þeirra mati hefur ekki talað fyrir hönd láglaunafólks og þeirra sem minna mega sín. Nú er komin sú staða að þessir sömu aðilar eru orðnir að stóru valdamiklu bákn með sérhagsmuni að leiðarljósi. Stjórn Bárunnar stéttarfélags hefur verulegar áhyggjur af því að þessi ofbeldismeningin nái yfir í hreyfingunni sem stefnir í að vera ólýðræðisleg og óaðlaðandi.

Vilhjálmur Birgisson formaður Starfsgreinasambands Íslands fór mikinn í viðtali á Bylgjunni þar sem hann sendi fráfarandi forseta vægast sagt kaldar kveðjur og tilnefndi forsetaefni. Stjórn Bárunnar, stéttarfélagsins vill koma því á framfæri að Vilhjálmur Birgisson var ekki að tala fyrir hönd félagsins og er ekki talsmaður félagsins sem er eitt af félögum innan SGS. Ekki hefur verið haldinn fundur innan formanna SGS þar sem samþykkt hafa verið fordæmalausar árásir á fráfarandi forseta ASÍ og tilnefningar á verðandi forseta ASÍ í nafni Starfsgreinasambandsins.



Halldóra S. Sveinsdóttir, formaður Bárunnar, stéttarfélags.

Starfsfólk verkalyðshreyfingarinnar hefur orðið fyrir hótunum og árásum um uppsagnir og þeirra störf dregin í efa. Báran, stéttarfélag hvetur aðildarfélög að standa vörð um það góða starf sem hefur verið unnið innandyrna og þann hóp sem starfar þar.

Báran, stéttarfélag hafnar öllu ofbeldi, einelti og ærumeiðingum innan hreyfingarinnar sem á að sýna gott fordæmi. Rúmlega 100 ára saga ASÍ ein-kennist af baráttu og sigrum launafólks. Stöndum vörð um að halda þeirri vegferð áfram.

Selfossi, 12. ágúst 2022.
Stjórn Bárunnar, stéttarfélags

Mannauðsráðgjafi hjá HSU

Ingbjörg Rafnsdóttir hefur verið ráðin sem mannaúðsráðgjafi við HSU frá 1. ágúst sl.



Ingbjörg er fædd árið 1990 og lauk B.A. gráðu í Félagsráðgjöf frá Háskóla Íslands árið 2013 og MLM gráðu í Forystu og stjórnun með áherslu á mannaúðsstjórnun frá Háskólanum á Bifröst árið 2020.

Ingbjörg hefur unnið í heilbrigðisgeiranum frá árinu 2010 og hefur hún fjölþætta reynslu þaðan. Meðal annars hefur hún unnið sem starfsmaður í umönnun á hjúkrunarheimili, stjórnandi í heimaþjónustu og nú síðast sem mannaúðsráðgjafi hjá Grundarheimilunum.



Krakkarnir á Hellu voru ánægðir með nýja brettagarðinn. Mynd: RY.

Brettagarður opnaður á Hellu

Nýr brettagarður opnaði á Töðugjöldunum á Hellu í síðustu viku. Það voru BMX brós sem vígðu völlum með sýningu og námskeiði. Sýning þeirra stóð algjörlega undir væntingum og sýndi hvað

hægt er að gera með gríðarlegri æfingu. Í framhaldi var boðið uppá námskeið þar sem mótuð var braut á svæðinu og sá maður kjark hjólaranna aukast með hverjum hringnum sem var farið.



Andrea Rafnar er Sunnlenski matgæðingur vikunnar.

Keila í sesammjöli, mangósalsa og klesstar parmesankartöflur

Að áeggjan vinkonu minnar Sigríðar Egilsdóttur á Vatnsleysu í Tungunum (Takk Sirry!) þá ætla ég að deila með ykkur upphalds fiskuppskrift heimilisins sem er keila í sesammjöli. Áður fyrr steikti ég alltaf fisk upp úr eggi og hveiti en eftir að ég kynntist sesammjölinu frá Sukrin þá var ekki aftur snúið. Sesammjöl er glúteinlaust, inniheldur nær engin kolvetni, próteinríkt og mjög bragðgott. Keila fæst stundum í Fiskbúð Suðurlands á Selfossi og víðar... minnir á skötusel, þétt í sér og algjört lostæti!

Egg og sesammjöl hrært saman í skál þar til úr verður þunnt deig. Keilan skorin í ca 100 gr bita og velt upp úr sesamblöndunni. Steikt í ólífuolíu eða smjöri á pönnu, kryddað með sítrónupipar og Ítalskri hvítlauksblöndu frá Pottagöldrum. Passa að steikja ekki of lengi.

Þessa eggja/sesammjöls blöndu nota ég líka á löngu og þorsk því keilan er ekki alltaf til!

Mango/Avacado salsa



passar mjög vel með þessum fiskrétti en þá sker maður niður í smáa munnbita tómata, gúrkur, paprikur, mangó, rauðlauk/vorlauk/graslauk, ferskt chilli, ferskt kóríander og smá límónusafi. Magn hvers fer eftir smekk hvers og eins. Blanda saman og krydda með svörtum pipar.

Auk þess eru klesstar parmesankartöflur alveg einstaklega góðar með þessum fiskrétti.

Sjóðið kartöflur í 15-20 mín. Bræðið smjör í potti með hvítlaug og saxaðri steinselju. Kartöflur, með hýði ef nýlegar, settar í ofnfast fat, hver kartafli marin með botni á glasi. Salta og pipra með svörtum pipar. Hellið hvítlaukssmjörinu yfir kartöflurnar og raspið fullt af parmesan osti yfir allt saman. Inn í ofn 180°C í 20 mín.

Ég skora á Ólöfu Kristjánsdóttur á Helgastöðum I í Tungunum að vera næsti Sunnlenski matgæðingurinn en hún hefur búið erlendis lengi og lumar örugglega á einhverjum spennandi uppskriftum.

Matgæðingar eru beðnir að senda á dfs@dfs.is uppskrift ásamt mynd af sér eigi síðar en á mánudegi.



Fánarnir við hringtorgið á Hellu. Mynd: Ragnárþing ytra.

Skemmdarverk á Hellu upplýst

Lögreglan hefur gefið út tilkynningu vegna skemmdarverka sem unnin voru á Hellu fyrir í vikunni.

Tilkynning lögreglunnar: „Líkt og fjallað var um í fjölmiðlum fyrir í vikunni hefur lögreglan á Suðurlandi haft til rannsóknar eignaspjöll sem unnin voru á Hellu aðfaranótt síðasta mánuðs. Skorið var á bönd á samtals nú fáanastöngum þar sem regnbogafánar blöktu við hún. Í þessu máli, eins og í öllum málum, miðaði

rannsókn lögreglu að því m.a. að afla allra tiltækra gagna um verknað þann sem var ræðir og öll nánari atvik sem ætla má að skipt geti máli, þ.á.m. hvaða hvatir bjuggu að baki verknaði. Við rannsókn málsins kom í ljós að þarna höfðu nokkur 14 og 15 ára gömul börn verið að verki. Málið telst nú upplýst og í hefðbundnu afgreiðsluferli hjá lögreglu og barnavernd.“

Málið er því upplýst og því lokið af hálfu Rangárþings ytra.

DAGSKRÁIN FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS

Útgefandi: Prentmet Oddi, Eyraveggi 25, 800 Selfoss, sími 482 1944, dfs@dfs.is, dfs.is.

Ritstjóri: Björgvin Rúnar Valentinsson, sími 856 0565, dfs@dfs.is.

Blaðamaður: Helga Guðrún Lárusdóttir, sími 856 0573, helga@dfs.is.

Auglýsingadeild: Sími 482 1944, auglysingar@dfs.is.

Dagskráin kemur út á hverjum fimmtudegi. Upplag 5.200 eintök. Allt efni og auglýsingar berist fyrir hádegi á þriðjudögum.

Dreifit ókeypis í allar sýslur austan Hellisheiðar. Dagskráin er aðili að samtökum bæjar- og héraðsfréttablaða.

ISSN 1670-407X



Gáta vikunnar

Vísnaðgátur-höf: Páll Jónsson
Útg. Bókautgáfan HÖLAR

Í margri sögu engin er, yfir hana margur fer, þar uppi kallinn óðan sá, íslenskt skáld var bænum frá.

Svar við gátu í blaði 2660: **BÓT**

1. Bót á flúk - 2. Bót í mál - 3. Hnébót

4. Ábót - 5. Bót er bær í nágrenni Egilstaða



Vilt þú vinna á líflegum vinnustað í Hveragerði?



Við leitum að kraftmiklum liðsfélögum til starfa á N1, ÍSEY og Djúsi í Hveragerði. Um er að ræða fullt starf eða hlutastarf. Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.

Helstu verkefni:

- Almenn afgreiðsla og þjónusta við viðskiptavini
- Önnur tilfallandi verkefni

Hæfniskröfur:

- Reynsla af sambærilegu starfi er kostur
- Rík þjónustulund
- Jákvæðni og góð samskiptafærni

Fríðindi í starfi:

- Afsláttarkjör hjá N1, Krónunni og ELKO
- Aðgangur að Velferðarþjónustu N1
- Styrkur til heilsuefingar

Umsóknir óskast fylltar út á [N1.is](https://n1.is) undir Laus störf. Nánari upplýsingar veitir Björn Þórarinn Birgisson, stöðvarstjóri, bjornb@n1.is.



JAFNLAUNAVÖTTUN
2020 - 2023

ÍSEY SKYR
BAR

djúsi by BLACKBOX

440 1000 n1.is



Atvinnuauglýsing

Starfsmaður í timbursölu



Við hjá BYKO erum að leita að öflugum starfsmanni til liðs við okkur í timburdeild BYKO á Selfossi. Ef þú ert framsækin og faglegur starfsmaður með gleðina í fyrirrúmi þá erum við að leita að þér.

Vinnutími er frá kl. 8:00-16:00/10:0-18:00 virka daga og þriðji hver laugardagur. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

Við leitum að starfsmanni með:

- Þekkingu á byggingarefni
- Ríka þjónustulund
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Áhuga á verslun og þjónustu
- Lyftarapróf, kostur

Helstu verkefni og ábyrgð:

- Afgreiðsla til viðskiptavina
- Tiltækt pantana
- Almenn lagerstörf
- Umhirða og eftirlit með tækjabúnaði og starfsstöð

Allar nánari upplýsingar veitir Grétar Ingi Sigurðsson, verslunarstjóri (gretaris@byko.is) Hvetjum alla áhugasama til þess að sækja um, óháð kyni. Sótt er um á alfred.is og á vefsíðu BYKO.



SAMAN Í 60 ÁR **BYKO**



Kirkjulundur 19
Garðabær
harpa@harpautfor.is
harpautfor.is



Harpa Heimisdóttir
842 0204



Brynja Gunnarsdóttir
821 2045




Eflum áhuga og þekkingu barna á loftslags- og umhverfismálum. Leynast grænir frumkvöðlar framtíðar í þínum skóla?

Grænir frumkvöðlar framtíðar (GFF) er fræðsluverkefni hjá Matís sem ætlað fyrir nemendur í efstu bekkjum grunnskóla og framhaldsskóla. Markmiðið er að fræða nemendur um áhrif loftslagsbreytinga á hafið og lífríki þess, sjálfbærni og nýsköpun á nýstárlegan og skemmtilegan hátt. Verkefnið er opið öllum skólum landsins og hefur Matís opnað fyrir skráningar fyrir skólaárið 2022-2023. Verkefnið Grænir frumkvöðlar framtíðar fór í fyrsta sinn fram á síðasta skólaári með glæsilegum árangri. Tilgangur GFF er að vekja áhuga og efla þekkingu barna á loftslags- og umhverfismálum í þeim tilgangi að virkja þau til baráttunnar gegn loftslagsvánni og hvetja þau til grænnar nýsköpunar, vel tókst til á síðasta skólaári og var markmiðum svo sannarlega náð. Verkefnið fer fram í skólum

undir leiðsögn kennara og hægt er að staðfæra verkefnið eftir þörfum hvers og eins skóla. Verkefninu er skipt í fjórar vinnustofur, vettvangsheimsóknir og MAKEathon. Vinnustofurnar innihalda fræðilega umfjöllun og verkefni, vettvangsheimsóknirnar eru í sjávarútvegsfyrirtæki og MAKEathon er nýsköpunarkeppni. Eftir vinnusaman vetur síðastliðið skólaár var hápunktinum náð í MAKEathon nýsköpunarkeppni skólanna, þar valdi hver þátttökuskóli, Nesskóli í Neskaupstað, Árskóli á Sauðárkróki og Grunnskóli Bolungarvíkur sitt framlag til landskeppni Grænna frumkvöðla framtíðar. Úrslitin voru kynnt í Nýsköpunarvikunni. Verkefnið heppnaðist vel og voru nemendur, kennarar og verkefnastjórar ánægðir með árangurinn. Við hvetjum áhugasama

kennara og skóla til að skrá sig til leiks fyrir skólaárið 2022-2023 með því að smella hér: <https://forms.gle/r7oGuuR18HZ3qAvQ8>. Skráning er ekki bindandi og því mega þeir sem eru forvitnir endilega skrá sig líka. Einnig er hægt að hafa samband við verkefnastjóra verkefnisins Justine Vanhalst í netfang justine@matis.is ef einhverjar spurningar vakna. Að sjálfsögðu finnur þú Græna frumkvöðla framtíðar einnig á heimasíðunni grainfrumkvodlar.com og inn á samfélagsmiðlum. Rafrænn upplýsingafundur verður haldinn þann 18. ágúst næstkomandi, klukkan 13-13:30, þar verður farið yfir alla fleti verkefnisins og fólki gefinn kostur á að spyrja spurninga, nánari upplýsingar um fundinn eru sendar við skráningu.



Klúbburinn Strókur óskar eftir starfsmanni í 50% starf

Styrktarfélag Klúbbsins Stróks leitar að öflugum starfsmanni í 50% starf hjá virkni- og endurhæfingarmiðstöð félagsins á Selfossi. www.strokur.is

Hæfniskröfur:

- Menntun á sviði félags-, heilbrigðis-, eða menntavísindasviði, eða önnur menntun starfsreynsla sem við á
- Reynsla af vinnu með einstaklingum með geðröskun kostur
- Jákvæðni og góð hæfni í mannlegum samskiptum
- Frumkvæði, sjálfstæði og metnaður í starfi
- Hreint sakavottorð

Helstu verkefni og ábyrgð:

- Ýmiskonar verkefni tengd daglegri starfsemi Stróks í samvinnu við forstöðumann
- Umsjón með og skipulagning iðjutengdra verkefna
- Yfirumsjón með verkefnum og skipulagi í eldhúsi
- Einstaklingsmiðaður stuðningur þar sem áhersla er lögð á hjálp til sjálfshjálpar
- Önnur fjölbreytt verkefni í samvinnu við forstöðumann

Nánari upplýsingar gefur forstöðumaður í síma 482 1757 á opnunartíma Stróks. Umsóknir skal senda á netfangið fjola@strokur.is.



Útipils

Eftirfarandi tafla gleymdist í síðasta blaði þegar uppskriftin Útipils var birt. Biðjumst við velvirðingar á því.

Áætlað garnmagn	6	7	7	8
Mittisviðd sm	65	75	85	95
Mjaldmavidd sm	86	96	106	116
Fitja upp	98	112	128	142
Lykkjur milli þrjónamerkja	48	55	63	70
Eftir útaukningu í hliðum	130	144	160	174
Þrjóna að stroffi í sm	5	8	11	14
Eftir útaukningu fyrir stroff	196	216	240	260
Stroff umferðir 1. og 2. hluti	12	14	16	18
Stroff umferðir 3. hluti	24	28	32	36

Töðugjöldin á Hellu 2022



Myndir:
Rangárþing ytra og
Ólafur Ingi Ólafsson



Tónleikarnir Raddir úr Rangárþingi fóru fram á fimmtudagskvöldi á Stracta Hótel Hellu.



Stórsöngvarinn Friðrik Dór stóð fyrir sínu.



Hnallþórukeppnin var æsispennandi og var gríðarlega góð þátttaka.



Eftir frábæra tónleika á fimmtudagskvöldi komu Raddir úr Rangárþingi aftur fram á kvöldvöku Töðugjalda á laugar dagskvöldi.



Brettagarður var opnaður á Hellu og er hann staðsettur við ífróttahúsið á Hellu. BMX Brós komu og héldu sýningu og kennslu sem var virkilega vel sótt.



Harmonikkusveit Suðurlands spilaði í ífróttahúsinu um leið og öllum íbúum var boðið til morgunverðar af fyrirtækjum á svæðinu.



Bílasýning Flugbjörgunarsveitarinnar á Hellu var glæsileg að vanda.



Jóhanna Gerður Hrannarsdóttir sigraði söngkeppni barna eldri flokk og flutti lag sitt á kvöldvöku Töðugjalda.



Bettina Wunsch var með hestvagn á svæðinu og voru margir sem þáðu far.



Hoppkastalarnir voru vinsælir.



Hverfin voru skreytt eftir litum græn/appelsínugult, rautt, blátt, gult og fjólublátt.



Kassaklifur Flugbjörgunarsveitarinnar á Hellu var vel sótt.



Leikhópurinn Lotta mætti á svæðið og hélt sýningu.



Flugeldasýningin á Töðugjöldum var sú magnaðasta sem menn muna eftir. Það var Þjóandi sem styrkti flugeldasýningu á Töðugjöldum 2022.



Opnir fjölskyldutímar

Sveitarfélagið Árborg auglýsir eftir áhugasömum einstakling/fjölskyldu til að sjá um opna fjölskyldutíma í Vallaskóla á sunnudögum í vetur, frá kl 10-11:30. Til greina kemur að skipta þessu með tveimur einstaklingum/fjölskyldum.

Leitum að hressum, ábyrgum og sjálfstæðum einstaklingum eldri en 18 ára í þetta skemmtilega verkefni.

Fyrir frekari upplýsingar hafið samband við Dönu dianag@arborg.is.



Jórukórinn auglýsir

OPNAR ÆFINGAR

24 og 31 ágúst



Kl 20 í sal Tónlistarskóla
Árnesinga, Selfossi

Stjórnandi: Unnur Birna
Björnsdóttir

Fyrir nánari upplýsingar
jorukor@gmail.com

Íþróttir

Selfoss upp í 3. sætið eftir langþráðan sigur

FÓTBOLTI Selfoss vann lokins leik í Lengjudeildinni miðvikudaginn 10. ágúst þegar liðið tók á móti Þór.

Leikurinn hefði ekki getað byrjað verr fyrir okkar menn en gestirnir tók forystuna eftir rúmlega 15 sekúndur..... já sekúndur. Eftir það tók tíma fyrir okkar menn að vinna sig inn í leikinn. Hrvoje Tokic sneri til baka í byrjunarliðið í kvöld og það var hann sem jafnaði leikinn eftir rúmlega stundafjórðung af vítapunktinum. Gonzalo felldur innan teigs.

Leikmaður Þórs fékk að líta rautt spjald rétt fyrir hálfleik eftir að Tokic var felldur þegar hann var sloppinn einn í gegn. 1-1 í hálfleik

Selfyssingar sóttu meira í síðari hálfleik manni fleiri. Sigurmark leiksins kom eftir klukkutíma leik þegar Stefán Þór spyrndi boltanum yfir allan völlinn, beint í fætur Gary Martin sem var sloppinn einn í gegn og



Mynd: Guðmundur Karl Sigurdórsson

þrumaði boltanum í netið. Selfyssingar hefðu getað bætt við þriðja marki leiksins síðustu mínúturnar en það gekk ekki. Lokatölur, 2-1.

Eftir sigurinn fer liðið upp í 3. sæti deildarinnar. Næsti leikur liðsins er 18. ágúst gegn Fylki í Árbænum.

Þá mætti kvennaliðið Prótti R. í Bestu deildinni þriðjudagskvöldið 9. ágúst. Þrátt fyrir að hafa vaðið í færur allan leikinn tókst liðinu ekki að koma boltanum í netið. Það tókst heimakomum hinsvegar þrisvar sinnum og lokatölur þar á bæ, 3-0. -UMFS

Engin úrslitaleikur í ár

FÓTBOLTI Selfoss tók á móti Breiðablik í seinni undanúrslitaleik Mjólkurbikars kvenna síðastliðin laugardag.

Fyrri hálfleikurinn var fjörugur og bæði lið sköpuðu sér færi til að skora snemma leiks. Selfyssingar beittu skyndisóknum og hefðu í nokkur skipti getað komið boltanum í netið, en hættulegasta færi Selfyssinga átti þó Þóra Jónsdóttir þegar hún lét vaða af vítateigslínu og Eva Persson þurfti að hafa sig alla við til að verja skotið í horn. Eina mark fyrri hálfleiksins kom eftir mikinn klaufagang í vörn Selfyssinga. Katla María sendi boltann til baka á Tiffany í markinu sem skaut í leikmann Breiðabliks og inn fór boltinn.



Mynd: Fotbolti.net/ Haflíði Breiðfjörð

Seinni hálfleikur var svipaður, Selfyssingar reyndu að beita skyndisóknum, en Blikar voru meira með boltann. Bæði lið fengu ágætis færi, en inn vildi boltinn ekki. Það dró ekki til tíðinda fyrir en að komið var í

upbótartíma þegar varamaður Breiðabliks slapp ein í gegn og skaut boltanum upp í samskeytin, óverjandi. Niðurstaðan varð því 0-2 tap og enginn úrslitaleikur í ár. -UMFS



Á myndinni er Charger Ragnars, í einni af keppnum sumarsins, að spyrna við Björn Viðar Björnsson á Chevrolet Camaro. Mynd: B&B Kristinsson.

AKSTURSÍÞRÓTTIR Ragnar S. Ragnarsson á Selfossi varð nýlega Íslandsmeistari í T/E flokki á kvartmíllunni. Þetta er í fjórða skiptið sem hann verður Íslandsmeistari í íþróttinni. Hann keppir á 1966 árgerðinni af Dodge Char-

ger og rann kvartmílluna, sem er 402,33 metrar, best á 11,50 sekúntum og á 190 kílómetra endahraða. Vélin í Charger-inum er 451 rúmpumlungar eða 7,4 lítrar og framleiðir um 530 hestöfl þegar vel liggur á henni.

Skráning í fimleika opin

FIMLEIKAR Fimleikadeild Selfoss er með opna skráningu fyrir veturinn 2022-2023. Skráning á www.sportabler.com/shop/umfs/ fimleikar eða sendu tölvu-póst á fimleikar@umfs.is



Rangæingar sýna Njálu litla virðingu

Ein allra merkasta saga forn-
bókmenntanna er Njálssaga
hún er höfuðdjás Rangárþings.
Ráðamenn í Rangárþingi sýna
sögunni litla virðingu og er það
skömm hvornig mál hafa
verið að próast síðustu
árin. Brennu-Njálssaga er þekkt um
víða veröld og hing-
að koma ferðamenn
og háskólar erlendis
frá í ferðir til að upp-
lifa aðstæðurnar. Íslend-
ingar sækja í Njálufærðir, hún
er leikin í leikhúsum í Reykja-
vík við vinsældir og lesin í les-
hringum um allt land. Þórhildur
Jónsdóttir í Lambey kom heim
með myndlistarsýningu á dög-
unum, samvinnuverkefni við
skólakerfið. Hetjurnar úr Njálu
verða ljósifandi þegar gengið
er um galleríð hans Jóna föður
hennar en þar sýnir hún list sína.
Af miklum myndarskap stofn-
uðu ráðamennirnir í sýslunni
Sögusetur á Hvolsvelli, og urðu
fyrstir í landinu til að ráðast í
slíkt verk-efni. Í Söguserinu á
Hvolsvelli unnu garpar eins og
Arthúr Björgvin Bollason og
síðar Sigurður Hróarsson. Þar
voru sögur sagðar, uppákomur
matveislur, leikrit og allt fullt af
fólki til að njóta Njálssögu. Jón
Böðvarsson fór sem leiðsögu-
maður með þúsundir manna
Njáluhringinn og margir fleiri
sögumenn.

Nú er Njálusetrið hornkerling

Hver er staðan í dag, í Sögusetri-
inu sortnar manni fyrir augum
þar er hamborgara-staður, og
svínaríf eru steikt frá morgni
til kvölds, Njálusetrið er orðin
hornkerling. Ekkert minnir á
Gunnar og Hallgerði þá komið
er að Hlíðarenda, og vegurinn
heim varla rútufer. Á Berg-
þórshvoli eru fjörutíu ára máðar
upplýsingar upp á hvolnum. Því
er ekki merking við Gunnars-
hólma, þar sem Gunnar sneri
aftur? Hvar er Ossa-bær Hösk-
uldar Hvítanesgoða? Þetta eru
staðir sem ferðamenn vilja sjá
og upplifa. Hermann Árnason
vatnareidmaðurinn knái ákvað
að rannsaka söguna og fór að
eins og Flosi reið frá Svínafelli
eftir messu á sunnudegi fyrir
þremur árum og var kominn um

nónbil annan dag vikunnar á
Þríhyrningshálsa, enginn flagg-
aði enginn athöfn í héraði. Ein-
hverjir falsspámenn fara um og
segja Njálssögu skáldsögu eða
í besta falli lygasögu. Við
Íslendingar skrifuðum
300 bækur á þrett-
ánda öld, allt sann-
sögulegar bækur
úr minni fólksins.
Njálurefillinn af-
rek ekki síst kvenna
í Rangárþingi ekki
enn kominn upp og enginn
staður sem hentar honum til í
sögu-héraðinu. Er ekki tímabært
að austur og vestur sýslan sam-
einst um þetta verkefni, rígurinn
milli Hellu og Hvolsvallar er
liðin tíð. Nú er grafið að Odda
og sagt er að svo merkilegt sé
þar í jörðu að það jafnast við
Skálholt. Oddi á skilið Reyk-
holtskirkju sem í senn væri fjöl-
notahús með Njálusetri sögu
Oddaverjanna og Sæmundar
Fróða, Jóns Loftsonar og Snorra
Sturlusonar sem Jón fóstraði til
tívíttugs. Rangæingar þurfa eina
stóra kirkju, auðvitað byggða
í Odda, þar myndu Hella og
Hvolsvöllur sameinast um
kirkju og Sögusetur. Ég skora
á sveitarstjórnir Rangárþings
og ferðapjónustu sýslunnar að
taka nú höndum saman og hefja
Njálssögu til veggis og virðingar.
Ég hef rætt það við Hermann
Árnason að næsta sumar fari
níutíu og níu hetjur ríðandi í
lok ágúst frá Þríhyrningi og ríði
að Bergþórshvoli til brennunnar
og sanni að frásögn Njálu sé
rétt. Flosi ætlaði sér þrjá tíma í
reiðina var kominn að Bergþórsh-
voli um náttbil eða kl. 21. Þetta
gæti orðið árlegur viðburður
Sögusetursins. Ég tel víst að
Ríkisstjórnin og Alþingi með
menningarmálaráðherra Lilju
Alfredsdóttur í fararbroddi muni
styðja þessa uppbyggingu. Þið
voruð upphafsmenn með Sögu-
setrið eru nú eftirbátar, Land-
námssetursins í Borgarnesi.
Sturlunganna í Dölunum og Ei-
ríksstaða. Sögusetrið ykkar var
undanfari en hefur rekið uppá
sker. Nú brettum við upp ermar
Rangæingar og sýnum að við
séum af hetjum komnir.

Guðni Ágústsson



Gunnar og Njáll. Listaverk eftir Þórhildi Jónsdóttur.

HESTADAGAR Á SELFOSSI 19. ÁGÚST - 2. SEPTEMBER



Skannaðu QR kóðann
til að skoða vörur
á 30% afslætti

Aukið úrval hestavöru í verslun okkar á Selfossi.

ALLAR hestavörur í verslun á
20% afslætti

Hestavara dagsins á
30% afslætti

Ný vara daglega,
skannaðu QR kóðann og
skoðuðu afsláttardagatalið á
www.fodurblandan.is

*Afsláttur gildir einungis í verslun Fódurböndunnar á Selfossi



www.fodur.is
fodur@fodur.is

FB Reykjavík
Kornagarðar 12
570 9800

FB Selfoss
Austurvegur 64 a
570 9840

FB Hvolsvöllur
Duffpaksbraut 1
570 9850

SENDUM UM
ALLT LAND

HEYRN

HEYRNARÞJÓNUSTA

Kæru Sunnlendingar
Verðum á Selfossi í Grænumörk 5.
Föstudaginn 26. ágúst.

Verið velkomin

Heyrðu umskiptin
Fáðu heyrnartæki til reynslu



ReSound
rediscover hearing

Heyrn, Hlíðasmára 19, Kópavogur, heyirn@heyirn.is

Tímamantanir - 534 9600

Nánari upplýsingar
www.heyirn.is



Láttu sérfræðinga okkar aðstoða við að finna bestu,
hagkvæmstu og umhverfisvænustu leiðina fyrir þig.



Umbúðir



Almenn
prentun



Bækur



Límmiðar



Stimplar

Prentmet Oddi ehf. | Eyraveggi 25, 800 Selfoss
482 1944 | selfoss@prentmetoddi.is

FUNDIR

KRABBAMEINSFÉLAG
ÁRNESSÝSLU

Símatími alla virka daga
frá kl. 13:00 til kl. 16:00
sími 788 0300.

Al-Anon Selfossi

Al-Anon fundir á þriðjudögum
kl. 20:00, nýliðafundur
kl. 20:30 fundur, Hrísholti 8

Al-Anon

Al-Anon fundur - Einn dagur
í einu. Laugardagsmorgnum
kl. 10, Hrísholti 8, Selfossi.

AA

Mán. kl. 19 - PPG opinn fundur
Mán. kl. 21 - AA fundur
Þrið. kl. 19 - AA konufundur
Mið. kl. 19:30 - AA fundur
Mið. kl. 21 - AA fundur
Fim. kl. 20 - AA karlafundur
Fös. kl. 20:30 - AA fundur
Lau. kl. 21 - AA Opinn fundur
Sun. kl. 11 - AA fundur
Sun. kl. 21 - AA fundur
AA Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á aa.is.

Polskie mitingi

Polskie mitingi aa grupa krokus.
Poniedziałek i czwartek godzina
19:00. Hrísholt 8 - 800 Selfoss.

AA Sporgöngufólk f. alla

Bókasafn
Hafnarberg 1 - 815 Þorlákshöfn
Klukkan 11-12 sunnudag.

AA opin fundur f. alla

Kirkjan kjallari
Skálholtsbraut - 815 Þorlákshöfn
Klukkan 20:00 fimmtudag.

OA

Áttu erfitt með að hætta að
borða? OA 12 spora fundur
Overeaters Anonymus alla
þriðjudaga kl. 19 Hrísholti 8.

CoDA

Bataleið frá meðvirkni
Fundir alla laugardaga
kl. 10:30.

Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á coda.is.

Leiðin út á þjóðveg

Fundir í Rauðakrosshúsinu,
Mánamörk 1, Hveragerði, efrí
hæð, fimmtudaga kl. 20:30.

FÉLAGSSTÖRF



SKRIFSTOFA FEBSEL

í Grænumörk, Selfossi.
Sími 894 4107.

Skrifstofa félagsins er
lokuð í sumar frá 1. júní til
1. sept. 2022.

Sími formanns er 698 3110.
Sími gjaldkera er 894 9465.

GOLFÆFINGAR

á Svarfhólsvelli þriðjudags-
og fimmtudagsmorgna

ÞJÓNUSTA



S. 662 1122
Daglegar ferðir
SELFOSS - REYKJAVÍK
SUÐURLAND

ICECOOL

Bifreiða- og breytingaverkstæði
Gagnheiði 51, Selfossi
Sími 482 1361 - gunni@icecool.is



Bókhald • Framtöl • Skattskil
Launavinnslur • Ráðgjöf o.fl.

Austurvegur 6 - 800 Selfoss
Sími 482 3755 - kjarna@centrum.is

Ráð í rekstri!

Hjá Maddy ehf.

Eyravegi 27 - 800 Selfoss
s. 482 3454 - maddy@maddy.is

Bókhald - ráðgjöf
skattskil

Þjónusta við
einstaklinga og
fyrirtæki

Persónuleg þjónusta

KRANAVINNA
GRÖFUVINNA
25 ÁRA REYNsla

Diddi S. 861 4966



VH Tækjaleiga

Til leigu 2,8 tonna minigrafa.
Upplýsingar í síma 892 5741.



Er eitthvað að fréttu?

Sími 482 1944 - dfs@dfs.is

KIRKJUR

Selfosskirkja

Kvöldmessa í Selfosskirkju
sunnudagskvöldið 21. ágúst kl.
20. Sr. Gunnar Jóhannesson
þjónar fyrir altari. Kirkjukór
Selfoss syngur undir stjórn Edit
Molnár organista.

Aðventistar

Safnaðarheimili aðventista,
Eyravegi 67, Selfossi, 20. ágúst.
Bibliulexiur kl. 11 og guðsþjón-
usta kl. 12, ræðu hefur Birgir
Óskarsson. Verið velkomin.

Stóra-Núpskirkja

Hestamannamessa sunnudag-
inn 21. ágúst kl. 14. Höpreið
leggur af stað upp úr kl. 11 frá
Hruna og verður riðið sem leið
liggur yfir Stóru-Laxá yfir í Hlíð,
um hlaðið á Hæli, framhjá
Steinholti og til kirkju.
Kirkjukórinn leiðir söng undir
stjórn Þorbjargar organista.
Messukaffi á eftir.

Skálholtskirkja

Messa í Skálholtskirkju sunnu-
daginn 21. ágúst kl. 11.00.

Torfastaðakirkja

Messa í Torfastaðakirkju sunnu-
daginn 21. ágúst kl. 14.00.

TAPAD/FUNDIÐ

Lyklar

Lyklar fundust við
Fossveg á Selfossi
þann 14. ágúst.
Eigandi getur nálg-
ast þá í afgreiðslu
Prentmets Odda á
Selfossi.



BÍLAR



Gagnheiði 11
800 Selfossi
Sími 482 2200
GSM 894 2277
Fax 482 2777

Yfirbyggingar - Réttingar
Bílamálun - Rúðuskipti



Sími 482 4012, Hrísmýri 3, Selfossi

Þjónustuskoðanir Heklu-bifreiða og
almennar bílavíðgerðir.



Hjólástillingar

Dekkja- og smurþjónusta
Sími 482 4069

ÞJÓNUSTA

Þarftu snyrtingu á
hundinn þinn?

Ég var að opna stofu í
Urriðalæk 13, 800 Selfoss
Sími 6869790 - Klara
fb.com/hundasnyrtir.is



Mynd: freepik.com

Innleiðing loftslagsáætlana
sveitarfélaga

Markmið verkefnisins er að
MSASS draga saman þekkingu
við innleiðingu loftslagsá-
ætlana sveitarfélaga á Suður-
landi. Þannig verði til samræmt
verklag, þekking og hagræðing
sem nýtist heildinni. Jafnframt
að draga saman markmið og að-
gerðir sveitarfélaga, sem grunn
að tillögum að verkefnum sem
náð geta yfir allan landshlutann.
Með því getur stefnumótun
sveitarfélaga og Sóknaráætlunar
Suðurlands náð hámarks sam-
legð og árangri.

Verkefnislýsing

Unnið verður að greiningu á
loftslagsáætlunum sveitarfélaga
á Suðurlandi. Dreginn saman
lærdómur af ferlinu og hvernig
sveitarfélögin í heild geti með
áætlunum sínum náð settum
markmiðum fyrir landshlutann
í heild. Unnin verður saman-
tekt upp í samtölum og gögnum
frá sveitarfélögunum og mál-
þing með sveitarstjórnafólki
og starfsmönnum sem koma
að vinnunni þegar samantektin
liggur fyrir.

Sveitarfélög gegna lykilhlut-
verki þegar kemur að því að
mæta áskorunum samtímans á
sviði loftslagsmála. Sameigin-
legur slagkraftur þeirra skiptir
sköpum til að greiða fyrir þeim
umskiptum sem þurfa að eiga
sér stað til að markmiðum Par-

ísarsamningsins verði náð og að
Ísland nái að standa við loford-
sitt um kolefnishlutleysi árið
2040. Jafnframt mun sú aðlögun
íslensks samfélags að þeim
breytingum sem þegar hafa átt
sér stað og fyrirséðar eru vegna
loftslagsbreytinga ekki eiga sér
stað án aðkomu sveitarfélag-
anna.


Tengsl við sóknaráætlun
2020-2024

Meginmarkmið Sóknaráætlunar
Suðurlands snúa beint að loft-
lagsmálum, s.s. um að draga
úr losun og auka bindingu.
Nú liggur fyrir að öll sveitar-
félög eru skuldbundin til að
skila af sér loftslagsáætlunum.
Mikil tækifæri geta falist í því
að markmið sveitarfélaga skili
sér inn í tillögum að aðgerðum
og verkefnum Sóknaráætlunar
Suðurlands sem vinna að sama
markmiði.

Tengsl við heimsmarkmið
Sameinuðu þjóðanna

Tengja má loftslagsstefnu sveit-
arfélaga beint við heimsmark-
mið Sameinuðu þjóðanna um
sjálfbæra þróun með sérstakri
áherslu á markmið 11 (vist-
vænar samgöngur, loftgæði og
úrgangur), 12 (vistvæn innkaup)
og 13 (stefnumótun í loftslags-
málum).

TIL SÖLU



Ehjól

Húsgögn til sölu

1. Stór glerskápur - 45 þús. kr.
2. Skenkur - 35 þús. kr.
3. Hornskápur - 25 þús. kr.
Uppl. í síma 849 8526.

Örfá eintök eftir til af bæði nýjum
og notuðum yfirfornum hjólum,
kíktu við í Hrísmýri 5 á Selfossi
laugardaginn 20. ágúst og
tryggðu þér eintak. s. 555 0595
eða ehjol@ehjol.is.

Blómstrandi dagar í Hveragerði 2022

Myndir: Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir.



Umhverfisvottuð prentsmiðja



Stuðningur við skógrækt



Eitt tré fellt = Þrjú gróðursett



Hrein orka



Tækjakostur lágmarkar orkunotkun



Umhverfisvottaður pappír notaður við framleiðsluna



Umhverfisvottaður farfi notaður við framleiðsluna



Endurnýtanlegt hráefni



Stuðlað að fullnýtingu úrgangs



482 1944 www.prentmetoddi.is



Umbúðir



Almenn prentun



Bækur



Límmiðar



Bréfpokar

Stokkseyri, Eyrarbakki, Þorlákshöfn, Hveragerði, Hvolsvöllur og Vík komin í 5G hópinn

Nú hafa Stokkseyri, Eyrarbakki, Þorlákshöfn, Hveragerði, Hvolsvöllur og Vík bæst í hóp þeirra bæjarfélaga sem hafa aðgang að 5G neti og mörgum bæjarbúum stendur því til boða áður óþekktur nethraði. Nova hefur frá upphafi verið í farabroddi í innleiðingu nýjustu tækni og er komið lengst í uppbyggingu 5G á Íslandi. Nú hafa 65 sendar þegar verið settir upp í öllum landshlutum og er áætlað að þeir verði orðnir 200 árið 2024.



Ætluð viðbrögð íbúa fyrir fregnunum. Mynd: freepik.com

Mun meiri afköst og hratt streymi

„Fyrir Stokkseyri, Eyrarbakka, Þorlákshöfn, Hveragerði, Hvolsvöll og Vík þýðir innleiðingin mun meiri afköst en íbúar hafa þekkt hingað til, hvort sem er í gegnum síma eða jarðtengingar, auk þess sem 5G þjónusta mun veita íbúum gífurlega hratt streymi, styttri svartíma, og niðurlag á ofurhraða,“ segir Benedikt Ragnarsson framkvæmdastjóri fjarskipta Nova.

5G skilar að jafnaði 150-200 Mb/s hraða á sekúndu og fer reglulega upp fyrir 1.000 Mb/s. „Það þýðir að þeir íbúar sem eru með tæki sem styðja 5G,

eru með eina hröðustu nettengingu sem fyrirfinnst á Íslandi og reyndar heiminum öllum. 5G hraði jafnast á við öflugustu ljósleiðaratengingar þar sem þú getur hlaðið niður allt að 2,3 GB á sekúndu og svartíminn er undir 10 millisekúndur,“ segir Benedikt Ragnarsson.

Margrét Tryggvadóttir, forstjóri Nova: „5G Nova er nú þegar komið upp í öllum landshlutum og mun eflast hratt á næstu mánuðum. Fleiri og öflugri sendar auka öryggi landsmanna. Nova hefur fjárfest umtalsvert í innviðum sínum á síðustu árum sem hefur gert fé-

laginu kleift að stíga mikilvæg skref sem þessi og halda áfram að vera leiðandi og í fremstu röð í innleiðingu 5G á Íslandi.”

HREINGERINGA-þjónusta Suðurlands ehf.

Allar ræstingar
Steintoppabreinsun, teppubreinsun, bón, gluggabreinsun o.fl.
Sími 897 8444
Freint um allt Suðurland

VÉLSMIÐJA SUÐURLANDS ehf
Selfossi Gagnheiði 5 Sími: 482 1980

Efnissala
Rennismiði
Innréttingar
Járnsmíði

Gagnheiði 5, Selfossi
Sími 482 1980

Jiiibbii Siggafærðir

- Flutningaþjónusta -

Selfoss - Reykjavík f.h. og e.h.
Reykjavík - Selfoss f.h. og e.h.

Reykjavík - Selfoss
Hella - Hvolsvöllur
Sími 772 6010

FROST

KÆLIKERFI - FRYSTIKERFI
HÖNNUN - SALA - ÞJÓNUSTA
HÁHEIÐI 9, SELFOSSI - SÍMI 464 9400 - WWW.FROST.IS

expert kæling

Sími 660 2970

Uppsetn. og viðhald á kæli- og frystikerfum
Ísskápaþjónustur - Almennar raflagnir

TAXI SELFOSSI
482-3800

Tækniþjónusta Suðurlands ehf. Selfossi

Sjónvarpskerfi fyrir hótél og gistingu
Öryggiskerfi
Eftirlitsmyndavélakerfi
Hljóðkerfi
Símerki o.fl.

Sérhæfing - Þekking - Reynsla

Gunnar Guðmundsson Sími 694 4922
Vilmundur Sigurðsson Sími 779 6777

Sprettur ÁBURÐUR

Skeljungur
Lúðvík Bergmann, Viðskiptastjóri
GSM: 840 3009

Lagnaþjónustan ehf

Þípulagnir - Efnissala
482 2311 696 2311
Skrifstofa Þjónustusími

FYLGD
Útfararþjónusta

Gísli G. Guðmundsson Svanhildur Eiríksdóttir Elfar F. Sigurjónsson

Vistvænar íslenskar kistur, krossar og legsteinar

Sími 482 4300 • www.fylgd.is • fylgd@fylgd.is

NÝTT

Vinnuvélanámskeið á netinu!

www.vinnuvelaskolin.is

BRACIA AF VINÁTTU!

Fæst hjá BYKO Selfossi

Hjólbarðarþjónusta Magnúsar

Gagnheiði 25 - Sími 482 2151

HM

Hjólbarðar
Betri vörur - betra verð

Rétting og málun

Vottað rétttingaverkstæði
Cabas tjónaskoðun

Breiðumýri 1, Selfossi

480 8020

Bílasprautun - Bílaréttingar
Bílrúðuskipti

Bilverk BA

Þar sem fagmennirnir vinna
★★★★★ Vottað verkstæði
Gagnheiði 3 - Selfossi
Sími 482 2224 / 899 5424 - bilverkba.is

Fall er fararheill

Ragnarsmótið er farið af stað

Ragnarsmótið fór af stað á Ránudaginn þar sem karlaíð Selfoss í handbolta tapaði naumlega fyrir Aftureldingu í Set höllinni með markatölunni 32-34. Ragnarsmótið er nú haldið í 34. sinn en það er árlegt minningarmót til minningar um Ragnar Hjálmtýsson, einn af efnilegri handboltamönnum Selfoss sem lést í hörmulegu bílslysi árið 1988, aðeins 18 ára gamall.

Fram til ársins 2015 var mótið aðeins karlamót en síðan þá hefur mótinu verið skipt upp í karla- og kvenmót. Mótið er eitt elsta æfingarmót landsins í



handknattleik og hefur löngum þótt eitt það skemmtilegasta. Yfirleitt mætast bestu lið landsins á mótinu og markar það upphaf keppnistímabilsins í handboltanum.

Frítt er inn á alla leiki mótsins að vanda.

Þípulagnir Júlla

Öll almenn þípulagnavinna - www.pipulagnirjulla.is

ornja@bt.net.is - Sími 772 1456